

# NÁMSKRÁ

Smiðja 1 – 2



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ  
ATVINNULÍFSINS

**NAFN NÁMSKRÁR**

Smiðja 1-2

Námskrá númer 22-541-1-160

**VINNUSTUNDIR NÁMSMANNSS**

160 klukkustundir

**HVERJUM ÆTLAÐ**

Fullorðnu fólki eldra en 18 ára sem hefur stutta formlega skólagöngu að baki

**FJÖLDI EINGA**

allt að 8 framhaldsskólaeiningar

**ÚTGEFANDI**

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Fyrsta útgáfa, 2022.

## Efnisyfirlit

NÁMSKRÁ .....	4
TITILL: SMÍÐJA 1 – 2 .....	4
LÝSING.....	4
INNÞÖKUSKILYRÐI .....	4
MARKHÓPUR.....	4
HÆFNIVIÐMIÐ.....	5
HÆFNIVIÐMIÐ NÁMS .....	5
Þekkingarviðmið:.....	5
Leikniviðmið: .....	5
Hæfniviðmið: .....	5
SKIPULAG .....	6
NÁMSMAT .....	6
STARFSNÁM.....	6
UMFANG OG INNIHALD .....	6
YFIRLITSTAFLA .....	6
NÁMSÞÆTTIR.....	7
VERKEFNI Í SMÍÐJU 1 – 2.1    F-SMIÐ 1 VS (23).....	7
VERKLAG OG VINNUBRÖGÐ 1 – 2.2    F-SMIÐ 1 VE (24).....	8
ÞJÁLFUN OG SJÁLFSTÆÐ VINNA 1 – 2.3    F-SMIÐ 1 PS (25) .....	9
VINNAN Í SMÍÐJU 1 – 2.4    F-SMIÐ 1 VU (26) .....	10
VIÐAUKI VIÐ SMÍÐJU .....	11
<i>Verkdagbók</i> .....	11



## Námskrá

Vísað er til vefsíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ([www.frae.is](http://www.frae.is)) á lista yfir hugtök í námskrám og námslýsingum FA.

## Titill: Smiðja 1 – 2

### Lýsing

Námskráin, Smiðja 1 – 2, lýsir námi á 1. þrepi hæfniramma um íslenska menntun. Námskráin telst sú seinni af tveimur á fyrsta hæfniprepi. Megintilgangur með Smiðju 1 – 2 er að nemar/þátttakendur kynnist og þjálfist í tilteknum verkefnum, vinnuaðferðum sem beita þarf og öðlist verkunnáttu og þjálfun til verka þar sem reynir á bæði samhæfingu og sköpunarkraft. Í því felst m.a. að nemar fái ítarlegar munnlegar og sjónrænar leiðbeiningar í smiðjunni og stuðning, ef þarf. Markmið með smiðju 1 er að efla hæfni í störfum sem verkefni smiðjunnar fást við og því rík áhersla lögð á að nám fari fram við eins raunverulegar aðstæður og kostur er.

Smiðju 1 – 2 er ætlað að styðja við og efla hæfni í ýmsum störfum, þar sem þekkingar er aflað og leikni þjálfuð með hagnýtum viðfangsefnum. Í því felst að vinna og leysa verkefni sem er starf, eða hluti af starfi, sem tilheyrir fjölbreyttum atvinnuvettvangi, einkum list- og verkgreinum. Við námið (í smiðju) læra og þjálfast nemar við að vinna verk sín á vandaðan og hagkvæman hátt með öryggi sitt og annarra í huga. Áhersla er á notkun hugtaka í tengslum við verkefni, verkfæri og efni sem við eiga hverju sinni. Jafnframt er lögð áhersla á almenna starfshæfni. Í Smiðju 1 – 2 er gert ráð fyrir að nemi vinni verkið en með aðstoð ef þarf, til að ná markmiðum námsins. Námsþættir smiðjunnar eru teknir fyrir frá eitt til fjögur, eða að einhverju marki samhliða út frá númerum.

Námskráin er skrifuð sem snið fyrir fræðsluaðila til að útfæra lýsingar í verk- og/eða listgreinum (námslýsingar / lýsingar á vinnustofum / námskeiðum). Í því felst að

- FA er ábyrgt fyrir því að lýsing á vinnustofu fyrir Smiðju uppfylli kröfur til námskrár FA.
- Lýsing vinnustofunnar byggir á námskránni **Smiðja 1 – 2** og er þannig merkt.
- Heildar vinnuframlag nema samkvæmt námskránni er 160 klukkustundir. Námið skiptist í fjóra námsþætti.

Með smiðju er fyrst og fremst leitast við að byggja upp og styrkja verklega hæfni í ýmsum störfum. Helstu áhersluatriði eru hagnýt viðfangsefni af ýmsum toga. Nemar læra og þjálfast í að vinna verkin svo haganlega sem lagt er upp með (kennt er) auk þess að leggja sig fram um að tímaáætlun standist.

Smiðja 1-2, á 1. þrepi, er einkum ætluð nýliðum sem hafa einhverja þjálfun. Gert er ráð fyrir um 30 klukkustunda viðbótar vinnuframlagi nema, þó jafnvel með aðstoð, innan heildarumfangs námskrárinnar, sjá yfirlitstöflu námskrár á vef FA.

Námið er 160 klukkustundir að lengd, fjórir námsþættir og 8 einingar. Við námslok, er mögulegt að óska eftir mati á náminu í framhaldsskóla. Slíkt mat getur verið breytilegt eftir námsbrautum og skólum en skólastjórnendur hvers skóla eru ábyrgir fyrir mati skólans á námi frá öðrum fræðslustofnunum.

### Inntökuskilyrði

Fullorðið fólk, 18 ára eða eldra, sem á stutta formlega skólagöngu að baki.

### Markhópur

- ✓ einstaklingar með stutta skólagöngu að baki
- ✓ einstaklingar á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki
- ✓ einstaklingar sem vilja efla starfshæfni sína
- ✓ í atvinnulífi með þörf fyrir aukna þekkingu og hæfni
- ✓ einstaklingar sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku
- ✓ einstaklingar með þörf fyrir að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan formlegs framhaldsskóla- og háskólakerfis
- ✓ einstaklingar með nám og reynslu sem aflað hefur verið utan formlega skólakerfisins.

## Hæfniviðmið

Hæfniviðmið mæla þá hæfni sem nemar þurfa að búa yfir að námi loknu, þau lýsa færni/stöðu námsmanns við námslok og endurspegla breyttar áherslur í fræðslumálum um allan heim. Þannig er neminn í brennidepli svo sjónarhorninu hefur verið snúið frá því að horfa á hvað leiðbeinandinn gerir yfir í það að horfa á hvaða hæfni nemi þarf að búa yfir við námslok.

Áður:	Nú:
<ul style="list-style-type: none"><li>• Kennsla</li><li>• Hvað þarf að kenna einstaklingi?</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Færniuppbygging</li><li>• Hvað þarf einstaklingurinn að vera fær um að gera?</li></ul>

Almennt eru notaðar tvær gerðir hæfniviðmiða, hæfniviðmið (lokaviðmið) náms/námsleiða og hæfniviðmið námsþátta (áfanga). Í hæfniviðmiðum er einstaklingur í námi aðal sjónarhornið, þ.e. hvað einstaklingurinn lærir, í stað þess að einblína á hvað leiðbeinandinn gerir. Náms einstaklingsins er aðalatriði og viðmiðin segja til um hvaða þekkingu, leikni og hæfni sá/sú sem lýkur námi þarf að búa yfir. Hæfniviðmiðin skulu vera mælanleg og því mikilvægt að þau séu skýrt orðuð og beri með sér hvað einstaklingur á að geta gert við lok náms.

Hæfniviðmið varða bæði afmarkaða þætti þekkingar og leikni en einnig langtímamarkmið. Þau vísa til þekkingar jafnt sem vinnubragða. Hver námsþáttur hefur skilgreind hæfniviðmið sem námsfólk hefur kost á að uppfylla með mismunandi hætti og er þeim lýst með hverjum námsþætti fyrir sig. Auk þess eru sett hæfniviðmið fyrir lok námsleiðarinnar sem heildar og eru þau hér fyrir neðan.

## Hæfniviðmið náms

Að loknu námi þurfa nemar að búa yfir færni samkvæmt eftirfarandi hæfniviðmiðum. Nánar er vísað til hæfniviðmiða einstakra námsþátta:

### Þekkingarviðmið:

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- að nota algengt fagmál tengt verklagi í smiðju
- eiginleikum og nýtingu efna sem þarf til verks í smiðju
- virkni og eiginleikum búnaðar og áhaldna í smiðju
- reglum og leiðbeiningum sem settar eru fram í smiðju
- fyrirmælum um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti þeirra sem vinna verkið
- mikilvægi samvinnu og jákvæðra viðhorfa til breytinga
- notkun verkdagbókar.

### Leikniviðmið:

Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- fylgja reglum á vinnustað smiðjunnar
- nota viðeigandi efni og meðhöndla á viðeigandi hátt
- nota viðeigandi búnað og áhöld
- fylgja öryggisreglum um meðferð og notkun verkfæra
- nota algengt fagmál.

### Hæfniviðmið:

Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- vinna vandað verk samkvæmt fyrirmælum leiðbeinanda
- nota til verksins viðeigandi, búnað, efni og áhöld
- gera ráðstafanir til að tryggja öryggi sitt
- vinna að verkefnum í samstarfi við aðra
- vinna verkdagbók.

## Skipulag

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra sem hefur umsjón með námsleiðinni, nemendahópnum, leiðbeinendum og allri framkvæmd. Einnig að leiðbeinendur skili og kynni nemendum kennsluáætlun hvers námsþáttar.

Verkefnastjóri sér til þess að námsþættir séu samþættir eins og kostur er og í rökréttu samhengi, ber ábyrgð á þjónustu við þátttakendur. Áhersla er á að leiðbeinendur noti fjölbreyttar kennsluaðferðir sem henta fullorðnum, beiti samþættingu og leitist við að nota hversdagsleg viðfangsefni í innlögn og þjálfun. Miðað er við að verkþjálfun fari fram samhliða til að styðja við yfirfærslu náms þegar það á við.

## Námsmat

Námsárangur og námsframvinda er metin út frá hæfniviðmiðum (lærdómsviðmiðum) námsins með fjölbreyttum matsaðferðum sem fræðsluaðili samþykkir og lýst er í kennsluáætlun.

Við mat á hæfni skoðast þátttaka nema og áhersla lögð á að leiðbeinandi og nemandur fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og hvernig nemum gangi að ná hæfniviðmiðum námsins. Námsmat nýtist sem staðfesting á námsárangri og jafnframt sem lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum.

## Starfsnám

Nei, ekki er um eiginlegt starfsnám að ræða en námið er einkum starfstengt með uppbyggingu og aukinni þjálfun til þeirra verka og verkefna sem viðkomandi smiðja nær til.

Smiðja 1 er að stærstum hluta þjálfun við ákveðin störf eins og fram kemur í lýsingu námskrárinnar.

## Umfang og innihald

Námið er alls 160 klukkustundir og skiptist í fjóra námsþætti.

Í náminu er starfshæfnin þjálfuð með fjölbreyttum aðferðum í tengslum við þau viðfangs- og úrlausnarefni sem staðið er frammi fyrir í starfi, einkalífi eða í samfélaginu með það að markmiði að heildarmarkmið námsins náist.

## Yfirlitstafla

Smiðja 1 – 2

Tafla 1: Heildarútlit, skipulag

Tími er tilgreindur í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. Fræðslu	Klst. framlag -viðbót	þrep
Verkefni í smiðju 1-2.1	F- SMÍÐ1VS (23)	20	15	5	1
Verklag og vinnubrögð 1-2.2	F- SMÍÐ1VE (24)	45	40	5	1
Þjálfun og sjálfstæð vinna 1-2.3	F- SMÍÐ1PS(25)	45	35	10	1
Vinnan í smiðju 1-2.4	F- SMÍÐ1VU (26)	50	40	10	2
<b>Vinnuframlag námsmanns</b>		<b>160</b>	130	30	

Tölur í sviga í töflunni vísa til útgáfunúmers námsþáttar á vefsvæði namskra.is

Frjálst val: nei

## Námsþættir

Heiti námsþátta kemur fram í yfirlitstöflu hér að framan og nánari lýsing er á hverjum námsþætti hér á eftir. Heitin eru lýsandi fyrir hvert fag. Þar fyrir aftan eru einkenni námsþátta úr namskra.is

## Verkefni í smiðju 1 – 2.1

F-SMIÐ 1 VS (23)

<b>Þrep</b>	1
<b>Vinnustundir</b>	20
<b>Námsgrein</b>	Smiðja, verkefni 1-2.1
<b>Viðfangsefni</b>	efni, skipulag, vinnuumhverfi

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarinnar er að namar nái tökum á mikilvægum þáttum sem verkefni smiðjunnar snúast um. Fjallað er um vinnuumhverfi sem verkefni smiðjunnar snúa að og namar fá fræðslu um verkfæri (tól og tæki) og umhverfið út frá ábyrgð á eigin heilsu, öryggi og umhverfi. Gengið er út frá að namar fái munnlegar og sjónrænar leiðbeiningar og aðstoð eins og þurfa þykir.

Verkefnin eru skoðuð út frá hagkvæmni við að namar nái sem allra best tökum á verkefninu og möguleikum til að vinna verkefnið. Verklýsing til verksins er lesin og rýnd, farið yfir alla verkþætti sem til verkefnis teljast. Ræddar mögulegar leiðir við úrlausn verkefnis. Umræður um efni / efnistöð og sértækar leiðir ef slíkra er þörf. Æfð er gerð verklýsingar fyrir vinnslu verkefnis og að namar geri verkdagbók um vinnslu verkefnis. Teikningar skoðaðar ef við á ásamt öðrum þáttum sem til geta fallið. Fjallað um skipulagningu verkefnis, þau skref sem taka þarf og röð skrefa, verklag og hvernig gott er að haga framkvæmdinni. Hvað skiptir máli fyrir vinnuumhverfi verkefnisins, góður frágangur við verklok.

Rætt um efni og efnisnotkun, að velja efni til verkefnisins. Við verklok skili namar unnu verki sem ber merki um alúð og natni í vinnubrögðum. Gert er ráð fyrir að namar fái stuðning/aðstoð við verkefni sem vinna á án leiðbeinanda (viðbótarvinnuframlag nema).

Forkröfur: Aðgangur að námsleiðinni – mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- umfangi verkefnisins sem vinna skal
- hvað þarf að gera til að geta framkvæmt verkefnið
- hagkvæmni við vinnu verkefnis
- gagnsemi verkdagbókar
- mikilvægi hjálpartækja við undirbúning og framkvæmd.

**Leikniviðmið:** Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- skoða og ákveða efni/efnistegundir í verkefni smiðjunnar
- finna hentuga verkferla fyrir verkefnið
- nýta vinnuumhverfið
- setja upp verkdagbók fyrir verkefnið.

**Hæfniviðmið:** Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- ræða verkefnið út frá verklýsingu
- vinna verkefni út frá verklýsingu og verkferlum.

### Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.



## Verklag og vinnubrögð 1 – 2.2

F-SMIÐ 1 VE (24)

<b>Þrep</b>	1
<b>Vinnustundir</b>	45
<b>Námsgrein</b>	Smiðja, verklag 2
<b>Viðfangsefni</b>	verklýsing, vinnubrögð, verkþættir, skipulagning

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að nemar tileinki sér að nota þau hjálpargögn sem hægt er til verksins. Farið er vandlega yfir vinnubrögð, verklýsingu og verkfæri (tæki og tól) fyrir verkefnið, fjallað um vinnuumhverfi út frá ábyrgð nema á eigin heilsu og öryggi.

Verklýsing verkefnis er lesin og rýnd m.t.t. gerðar lýsingar. Farið yfir alla verkþætti og notkun algengra fagtengdra orða eins og við á.

Samræða um skipulegan undirbúning fyrir verkið. Notkun efna, efnisval er rætt og þjáfað eftir framvindu verkefnis. Ef einhver efni krefjast sérstakrar meðhöndlunar er fjallað sérstaklega um slíkt. Einnig byrja nemar á að skoða skipulagningu verksins sem vinna skal. Vinna við verkið er hafin.

**Forkröfur:** Samhliða verkefni í smiðju 1-2.1 – mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- verkefninu sem heild
- mikilvægi verklýsingar við verkefnið
- röð verkferla í verkefni
- beitingu verkfæra
- að fara eftir fyrirmælum við vinnuna
- skipulagi við framkvæmd.

**Leikniviðmið:** Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- fylgja fyrirmælum leiðbeinanda
- vinna eftir teikningum, ef við á
- nota viðeigandi áhöld og búnað
- nota algeng fagorð
- gera verkdagbók.

**Hæfniviðmið:** Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- vinna að verkefni samkvæmt fyrirmælum leiðbeinanda
- tileinka sér vinnubrögð sem henta fyrir verkið.

### Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.



## Þjálfun og sjálfstæð vinna 1 – 2.3

F-SMIÐ 1 ÞS (25)

<b>Þrep</b>	1
<b>Vinnustundir</b>	45
<b>Námsgrein</b>	Smiðja, þjálfun 3
<b>Viðfangsefni</b>	skipulagning, vinna, þjálfun í vinnubrögðum

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarinnar er að æfa verklag, þjálfun í að fylgja verklýsingum, teikningum og viðeigandi listum í tengslum við verkefni. Kennsla og þjálfun í að nota verkfæri, tæki og annan búnað sem algengur er í smiðjunni. Einnig er áhersla á samvinnu við lausn verkefna. Nemar fá upplýsingar um efnismagn, -kostnað og vinnutíma. Þær upplýsingar eru geymdar í verkdagbók sem nemar færa í jöfnum höndum. Nemar vinna drög að skipulagningu vinnu verkefnis með stuðningi ef þarf, nota upplýsingatækni við öflun og úrvinnslu gagna auk þess að taka saman lista yfir verkfæri og efni sem áætlað er til verksins og færa þær upplýsingar í verkdagbók. Reglulega fara nemi og leiðbeinandi yfir hvernig vinna verksins hafi gengið.

**Forkröfur:** Samhliða smiðju, verklag og vinnubrögð 1-2.2 – mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sérstöku verklagi sem viðhafa þarf við verk
- mikilvægi þess að fara vel með efni m.a. út frá kostnaði nýta vinnutíma vel
- skipulagningu verks
- notkun upplýsingatækni við úrvinnslu verkefnis.

**Leikniviðmið:** Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- vinna verkefni eftir verklýsingum og teikningum
- gera verkdagbók reglulega (eftir hvern dag)
- setja fram drög að skipulagningu verks.

**Hæfniviðmið:** Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- vinna á skilvirkan hátt með öðrum að verkefni
- ræða um úrlausn verkefnis
- meta verk sitt með það fyrir augum að bæta eigin árangur.

### Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

## Vinnan í smiðju 1 – 2.4

F-SMIÐ 1 VU (26)

<b>Þrep</b>	1
<b>Vinnustundir</b>	50
<b>Námsgrein</b>	Smiðja, verefni 4
<b>Viðfangsefni</b>	Verkið unnið (vinna)

### Lýsing

Tilgangur námsþáttarinnar er að nemar nái að nýta þá leiðsögn og þjálfun sem þegar er fram komin og nái að ljúka verkinu sem lagt var upp með. Hér er fyrst og fremst litið til aukins sjálfstæðis nema við vinnu verkefnisins. Auk þess er áhersla á tileinkun vinnubrögða sem leiðbeint hefur verið með vegna verkefnis. Við verklok fara nemi og leiðbeinandi yfir hvernig vinna verksins hafi gengið frá upphafi til loka. Miðað er við að nemi leggi til sitt mat á eigin vinnuframlagi til verksins.

Forkröfur: Samhliða smiðju, þjálfun og sjálfstæð vinna 1-2.3 – mat fræðsluaðila

### Hæfniviðmið námsþáttar

**Þekkingarviðmið:** Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi þess að vinna verkefni jafnt og þétt
- hvernig góð vinnubrögð skila sér í betri heildar niðurstöðu verkefnis
- mikilvægi þess að meta eigið vinnuframlag.

**Leikniviðmið:** Nemi skal, með stuðningi ef þarf, hafa öðlast leikni í að:

- tileinka sér vinnubrögð sem kennd hafa verið
- sýna fram á sjálfstæð vinnubrögð.

**Hæfniviðmið:** Nemi skal, með stuðningi ef þarf, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- ræða verkefnið út frá leiðum sem farnar voru við úrlausn
- gera grein fyrir niðurstöðu verks út frá áætlun
- meta verk sitt með það fyrir augum að bæta árangur.

### Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.



## Viðauki við Smiðju

### Verkdagbók

#### Forsíða

#### Nafn nema:

---

Tilgangur verkdagbókar er að efla nám og vera vitnisburður um framvindu og árangur náms.

Í verkdagbók safnarðu efni til þess að:

- auðvelda þér upprifjun á efni smiðjunnar
- þú og leiðbeinendur eigið auðveldara með að meta framvindu og árangur verkefna og náms
- hafa vitnisburð um viðfangsefni og árangur þinn ef þú vilt sýna öðrum verkdagbókina.

- Nauðsynlegt er að færa í verkdagbók daglega, eða þegar unnið er við verk.
- Framsetning efnis getur verið texti, riss, teikning, ljósmynd, myndskaið og/eða hljóðritun eða á annan hátt sem nemi kýs að færa verkdagbók.
- Dæmi um efni sem á erindi í verkdagbók:
  - verklýsing, áætlun, uppgjör og annað um undirbúning, skipulag og framvindu verks
  - minnisatriði, hugleiðingar og ályktanir
  - gátlistar, eyðublöð og leiðsagnarmat.

